



Félag atvinnurekenda
Kringlunni 7
103 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík

sími: 545 8600 postur@uar.is

umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 29. nóvember 2017
Tilv.: UMH16120042/0011

Vísað er til erindis Félags atvinnurekenda, dags. 6. desember 2016, um íslenskar merkingar á hreinsiefnum. Í erindinu segir að reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda feli í sér breyttar kröfur um merkingar á umbúðum sem innihalda hreinsiefni þar sem kveðið er á um í 4. gr. að merkingar á umbúðum efna og efnablandna skuli vera á íslensku. Áður hafi einungis verið gerð krafa um íslenskar merkingar á verulega hættulegum efnum og efnablöndum. Ljóst sé að hið breytta íslenska regluverk leiði af sér gífurlegt umstang og kostnað fyrir fyrirtæki sem nú þurfi að sérmerkja allar hreinsivörur með íslenskum merkingum. Frá gildistíma reglugerðarinnar séu áhrifin að byrja að koma í ljós. Vegna smæðar íslenska markaðarins hafi innflytjendum reynst torvelt að fá erlenda framleiðendur til að setja merkingar á þær íslensku vörur sem um ræði. Félag atvinnurekenda hafi skjalfest dæmi þess að kostnaðaraukning leiði til 20-35% hækkunar útsöluverðs á viðkomandi vörum. Ákvæði 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014, hafi að geyma almennar reglur um merkingar og geri ráð fyrir að aðildarríkin geti uppfyllt skyldur sínar með öðrum hætti en hvergi sé vikið að þeim möguleika í reglugerð nr. 415/2014. Félag atvinnurekenda telji nauðsynlegt að við innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 sé tekið tillit til smæðar hins íslenska markaðar og bendi á að löng hefð sé fyrir því að Norðurlandamál og/eða enska séu látin duga þegar komi að merkingum eða upplýsingum á vörum á íslenskum markaði. Félag atvinnurekenda telji einsýnt að svigrúm það sem sé í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sé nýtt til að ekki séu lagðar óþarfa íþyngjandi kvaðir á innflytjendum með tilheyrandi kostnaði sem lendi á neytendum með herra vörverði. Félag atvinnurekenda fari því þess á leit við ráðuneytið að það taki umrædda reglugerð til endurskoðunar.

Ráðuneytið sendi erindi Félags atvinnurekenda til umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi hinn 9. desember 2016. Auk þess fundaði ráðuneytið með fyrnlefndu félagi og Umhverfisstofnun 3. janúar 2017. Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 17. febrúar 2017 segir að fyrir setningu umræddrar reglugerðar hafi verið farið vel yfir það hvernig ákvæði um tungumál merkinga ætti að vera og niðurstaðan hafi verið sú að almennt ættu merkingar fyrir vörur sem fá hættuflokkun að vera á íslensku, með það að leiðarljósi að þannig væri öryggi notenda best tryggt. Eftir að hafa tekið þetta til nánari skoðunar sé það mat Umhverfisstofnunar að ekki séu efni til þess að fella alfarið niður kröfur um merkingar á íslensku á hreinsiefnum. Margar vörur í þessum vöruflokkki búi yfir hættulegum eiginleikum sem nauðsynlegt sé að vara við á tungumáli sem búast megi við að sem flestir skilji. Þá sé ekki síður mikilvægt að fólk geti áttað sig á þeim varúðarráðstöfunum sem grípa þurfi til ef koma eigi í veg fyrir skaða eða bregðast við þegar eitthvað fer úrskeiðis. Þar sem ljóst sé að krafa um merkingar á íslensku séu íþyngjandi fyrir þá sem setji þessar vörur á markað hér á landi vegna kostnaðar sem því fylgi, hafi stofnunin skoðað möguleika á því að undanþiggja frá þessum ákvæðum vörur sem bera vægar hættumerkingar. Sú skoðun leitt til þeirrar niðurstöðu stofnunarinnar að með hliðsjón af öryggi neytenda væri einungis forsenda til að gera slíkar undantekningar þegar um væri að ræða hættusetningarnar: H335: „Getur valdið ertingu í öndunarfærum“ og H336: „Getur valdið sljóleika eða

svima“. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu áhrifin af slíku undanþáguákvæði hins vegar lítil, þar sem það heyrir til undantekninga að hreinsivörur taki með sér þessar hættusetningar eingöngu. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að mæla með viðtækari undanþágu frá meginreglu um merkingarskyldu á landstungumáli nema fyrir liggi greining sérfræðiaðila um tungumálakunnáttu landsmanna. Öryggi neytenda þurfi ætíð að vera í fyrirrúmi og það vegi að mati stofnunarinnar þygra en kostnaðarauki sem hlýst af því að merkingar skuli vera á íslensku, nema sérfræðiaðilar komist að annarri niðurstöðu.

Ráðuneytið bendir á að krafa um hættumerkingar á íslensku fyrir efnavöru hafa verið í gildi hér á landi í um aldarfjórðung. Með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda er hins vegar gerð krafa um íslenskar merkingar á fleiri vörur en áður hefur verið. Við vinnu við frumvarp til efnalaga var skoðað hvaða kröfur ætti að gera til merkinga efna og efnablandna, þ.m.t. á hvaða tungumáli sliðkar merkingar ættu að vera. Við framangreinda vinnu var bent á smæð íslenska markaðarins og að merkingar á efnum og efnablöndum á íslensku kynnu að valda kostnaðarauka fyrir innflytjendur líkt og kemur fram í erindi því sem hér er til umfjöllunar. Í 32. gr. efnalaga nr. 61/2013 segir um merkingar og umbúðir: „Birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum. Texti merkinganna varðandi hættusetningar, varnaðarsetningar, viðvörunarorð og hættumerki skal vera á íslensku nema kveðið sé á um annað í reglugerð, sbr. 11. gr.“ Í 1. gr. efnalaga kemur fram að markmið þeirra sé m.a. að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi ekki tjóni á heilsu manna. Um er að ræða mikilvægt öryggismál ekki síst hvað varðar öryggi barna á heimilum þar sem stór hluti umræddra efna eru notuð. Ráðuneytið getur fallist á að íslenski markaðurinn sé líttill og því óraunhæft að fá erlenda framleiðendur til þess að merkja umræddar vörur á íslensku sem leiðir til kostnaðarauka fyrir innflytjendur. Að mati ráðuneytisins nægir sú staðreynnd ekki ein og sér til þess að víkja frá meginreglu efnalaga um að merkingar skuli vera á íslensku.

Í samræmi við framangreint fellst ráðuneytið ekki á beiðni Félags atvinnurekenda um endurskoðun á 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda hvað varðar kröfu um að merkingar á umbúðum efna og efnablandna skuli vera á íslensku.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Kjartan Ingvarsson